

Ársskýrsla Bókasafns Grindavíkur fyrir árið 2009

Í Menningar- og bókasafnsnefnd voru frá júlí 2008: Rósa S. Baldursdóttir, formaður (B), Kristín Gísladóttir, (D) og Harpa Guðmundsdóttir, (S). Við meirihlutaskipti í lok árs 2009 varð Kristín Gísladóttir (D) formaður og Kristín Þorsteinsdóttir kom inn í stað Rósu. Starfsmenn safnsins eru Margrét R. Gísladóttir, forstöðumaður (í heilli stöðu), Guðrún Erla Hákonardóttir (í 50% stöðu), Guðbjörg Ásgeirsdóttir (í 50% stöðu) og Dóra Dís Hjartardóttir (í 25% stöðu (Atvinna með stuðningi)).

Safnkostur, þjónusta og útlán

Við árslok var búið að skrá inn 17.631 safngagn, sem skiptist í bækur, hljóðbækur, tímarit, tölvugögn, DVD myndir, snældur og myndbönd. Nýskráð gögn voru 928 og afskráð gögn voru 367 (eldri tímarit, afskráð tvítök (seld ódýrt) og ónýtt og glatað efni).

Afgreiðslutíminn er frá kl. 11 til 18, mánudaga til föstudaga, auk þess er opið á laugardögum frá 11 til 13, frá 1. október til 31. maí.

Samstarf bókasafnanna fjögurra, um að eitt og sama skírteinið gildi á almenningubókasöfnum á Reykjanesi, hefur gengið vel. Safnið í Garði gerir ráð fyrir að koma inn í samstarfið um leið og þeir taka útlánþátt Gegnis í notkun. Grindvíkingar þurfa að greiða árgjald hjá einu hinna safnanna ((í Sandgerði, Reykjanesbæ og í Vogum) ef áhugi er á að nýta sér þennan möguleika, þannig fáum við aðgang að þremur söfnum til viðbótar, fyrir eitt árgjald.

Heildarútlán voru rúmlega 15.000 sem er í raun nokkur aukning á milli ára (tæplega 15.000 í fyrra, en þá voru meðtalin um 500 millisafnalán frá BbÍ, en engin slík lán voru þetta árið (sjá nánar í lið 3 hér á eftir).

Útlán skiptast þannig:

1. Bækur um 12.600 eintök
2. Annað efni um 2.400 (tímarit, hljóðbækur, myndir og tölvuefni, auk ýmissa blaða og bóka utan kerfis, (um 450))
3. Millisafnalánum fækkaði verulega þar sem Blindrabókasafn (BbÍ) ákvað að hafa beint samband við sína lánþega (voru um 500 millisafnalán frá þeim árið 2008).

Bókakassar eru lánaðir um borð í skip, leikskóla og skólasel.

Við lok árs var búið að gefa út 1221 lánþegaskírteini (1070 um síðustu áramót), burtfluttir lánþegar haldast inni.

Komur gesta á safnið (tölur frá árinu 2008 í sviga)

Samkvæmt talningu fjölgar gestum á viku að meðaltali í 191 (178). Unglingum fækkaði að því er virðist, því miður – í um 9 á viku (11), en komum fjölgar aftur hjá þeim yngri – fjöldi barna á viku 50 (39). Notkun á net-upplýsinga-veitum eykst, en nokkrar slíkar eru á vegum bókasafnanna í landinu, m. a. Vefbókasafnið (www.vefbokasafn.is) og Hvar.is (www.hvar.is), sem fær mikinn fjölda heimsóknna, enda hægt að ná í margs konar efni og fræðigreinar í fullri lengd þar.

Viðburðir

Samstarf var með Bókasafni Grindavíkur, Bókasafni Reykjanesbæjar og Miðstöð símenntunar um fyrirlestra veturinn 2009. Sett var upp lítil dagskrá með upplestri, rímnakveðskap og fyrirlestri um þjóðsögur í Flagghúsinu 19. febrúar. Samskonar dagskrá var svo í Reykjanesbæ. Verkefnið var styrkt af Menningarráði Suðurnesja. Sótt var aftur um styrk til ráðsins sem

fékkst og verður dagskrá um menningararfinn næsta ár á öllum bókasöfnum á Suðurnesjum. Auk þess fékkst styrkur frá ráðinu til þess að vinna betur að Ljósmyndasafni Grindavíkur á árinu 2010.

Á Menningardögum Grindavíkur í mars var Bókasafnið með dagskrá í Kvenfélagshúsinu. Þar komu fram heiðursborgari Grindavíkur – Guðbergur Bergsson, rithöfundur, Einar Már Guðmundsson, rithöfundur og fjórar stúlkur úr Tónlistarskólanum – þær Stefanía Margeirsdóttir, Telma Sif Reynisdóttir, Herta Pálmadóttir og Valgerður Þorsteinsdóttir, sem krydduðu hið talaða orð með tónlist. Kvenfélagskonur seldu kaffi og vöfflur. Húsfyllir var.

Vika bókarinnar var í apríl, þá var boðið til árlegrar barna-leiksýningar frá Möguleikhúsinu, á sal Grunnskólans, Sumardaginn fyrsta. **Bókaverðlaun barnanna** eru veitt á Degi Bókarinnar – 23.apríl, en Borgarbókasafn hefur forgöngu um framkvæmdina og hefur boðið öðrum bókasöfnum að vera með. Kosning um bestu barnabókina fyrir síðastliðið ár hefst í febrúar og stendur fram í mars og höfum við verið í samvinnu við safnstjóra Grunnskólans í verkefninu og sent sameiginlega niðurstöðu fyrir Grindavík. Dregið er úr öllum atkvæðaseðlunum og sá heppni fær lítinn vinning frá Bókasafninu.

Sumarlestur stóð frá miðjum júní og fram í miðjan ágúst. Alls skráðu sig til leiks 67 krakkar, en 41 skiluðu inn einni eða fleiri lesinni bók (alls voru lesnar 313 bækur) og fengu krakkarnir þá happadrættismiða í staðinn og fengu svo viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna. Í happadrætti sumarlestursins var sú heppna Katrín Lóa Sigurðardóttir 11 ára, en hún var líka ein af þremur mestu lestrarhestum sumarsins! Hinar voru Silja Rós Viðarsdóttir 9 ára og Eyrún Eyfjörð Svanþórsdóttir 10 ára.

Norræna bókasafnavikan stóð yfir dagana 9. til 15.nóvember.

Þema vikunnar var stríð og friður á Norðurlöndunum og var þessa minnst með svolítilli upprifjum – ártölum og fleiru á veggjum við stigann á leið upp á bókasafnið. Ýmsar bækur sem fjalla meðal annars um þetta efni og fleira, voru í forgrunni á safninu þessa viku auk ýmissa norrænna höfunda. Sögustund og upplestur á sænsku, dönsku og norsku á kaffihúsinu Bryggjunni í föstudags-hádegi – lesarar voru Þorsteinn Gunnarsson, Kristín Mogensen og Barbro Brönlund frá Noregi. Viðurkenningarskjöl fyrir þátttöku í sumarlestrinum voru afhent á Degi íslenskrar tungu – þann 16. nóvember.

Dagskráin í desember á bókasafninu var sett í Jóladaatal Grindavíkurbæjar, sem borið var í hús:

- 3. og 10.desember: Sögustund fyrir börnin.
- 8. og 17.desember kl. 12:45: Kynning á nýjum barna- og unglingabókum. Nemendur grunnskólans lásu og nemendur Tónlistarskólans fluttu tónlist og er þeim öllum þakkað þeirra framlag.
- 11.desember: Amnesty International – barist gegn mannréttindabrotum, starfsfólk safnsins tók að sér að hafa 100 tilbúin kort til undirritunar fyrir þá sem vildu styðja við hin ýmsu málefni Amnesty. Fólk var sannarlega tilbúið til þess og fljótlega var búið að undirrita öll kortin.
- 11. og 22.desember: Teiknað, litað og fönðrað á safninu.

Myndir frá öllum viðburðum safnsins er að finna á Ljósmyndavef Grindavíkur:

<http://myndir.grindavik.is/> undir flokknum *Bókasafn*